



Ísteppi. Myndin er tekin í Hvammsfirði, Ljósufföll í fjarska. Mynd: Björn Anton Einarsson



*Óskum félagsmönnum og
öðrum íbúum Vesturlands
glédilegra jóla og farsældar
á komandi ári*

*Þökkum samskiptin á árinu
sem er að kveðja*



Stéttarfélag Vesturlands

Að reisa kröfur um kaupmátt eða kraftlausar krónur - hvort er vænlegra?

Flestir kjarasamningar launafólks á almennum vinnumarkaði eru lausir frá 30. nóvember. Gildistími þeirra var stytur um tvo mánuði með ákvörðunum sem teknar voru í janúar 2013. Þá höfðu samningsaðilar komist að þeirri niðurstöðu að forsendur hefðu ekki staðist og þar átti mestan hlut sú ríkisstjórn sem þá átti stutt eftir af kjörtímabili sínu.

Samningsaðilar ákváðu að stytta samninginn og freista þess að breyta um vinnubrögð, þ.e. stefna á að vinna með stéttarfélögum hjá hinu opinbera og nýrri ríkisstjórn að því að finna nýjar leiðir í samningaviðræðum. Gera viðræðuáætlun sem farið væri eftir og leita í smíðju nágranna okkar á hinum Norðurlöndunum eftir fyrirmyndum að samningum sem gætu aukið kaupmátt og lagt grunn að stöðugleika.

BSRB hafði óskað eftir því við stjórnvöld í maí 2011 að unnið yrði að bættum vinnubrögðum við kjarasamningsgerð og fól velferðarráðuneytið ríkissáttasemjara að leiða málið áfram. Í maí 2013 kom út skýrslan „Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum“

Forsvarsmenn og sérfræðingar frá báðum hliðum höfðu tekið sér ferð á hendur að kynna sér vinnubrögðin á hinum norðurlöndunum. Vissulega eru aðferðirnar með mismunandi hætti og engin ein samnorræn leið til, ekkert norrænt samningamódel. Margt getum við þó lært af frændum okkar. Mestu munar þó um að engin frændþjóð okkar býr við jafn ónýtan gjaldmiðil og við.

Í október sl. kom út skýrsla heildarsamtaka á vinnumarkaði um efnahagsumhverfi og launaþróun og er henni ætlað að verða upplýsingagrunnur að byggja á. Þar er safnað saman yfirgrípsmiklum upplýsingum um launaþróun frá árinu 2006 - maí 2013.

Sem dæmi má taka af þróun launa í iðnaði, hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Hér hefur kaupmáttur lækkað frá árinu 2006 um 1 % en launin hafa hækkað um 57%. Í Noregi sem er algerlega sér á báti hefur kaupmáttur hækkað á sama tíma um 23%. Laun hækkuðu á þessum tíma um 20 - 25% í Danmörk og Svíþjóð en kaupmáttaraukningin er 1-2% á ári. Sé litið til annarra landa s.s. Bretlands og Bandaríkjanna er kaupmáttur nánast óbreyttur frá 2005. En það eru fleiri tölur sem geta vakið athygli þegar verðlagsbreytingar eru skoðaðar. Sé farið aftur til þess tíma er við breyttum um mynt þ.e. í ársbyrjun 1981 þá hefur bandaríkjadollar hækkað um 1842%, sem er í raun alveg svimandi hækkan dollars, nú eða lóðbeint fall krónunnar ef við tökum þann mælikvarða.

Ísland – best í heimi

Samkvæmt heimildum Seðlabanka Íslands þá hefur aðeins eitt af 78 smárikjum með minna en 2 milljónir íbúa, fljótandi gengi. 36 hafa myntráð og önnur hörð form fasts gengis, 30 hafa ekki eigin gjaldmiðil og 11 hafa sveigjanlega gengistengingu. Jú, bara litla Ísland lætur krónuna hoppa og skoppa í öldurótinu. Erum við svo- nna miklu klókari en aðrir?

Signý Jóhannesdóttir, formaður



Breyting á starfsreglum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Breyting á starfsreglum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks hefur samþykkt nýjar úthlutunarreglur. Þær eiga að gera félagsmönnum með lægri laun kleyft að ávinna sér réttindi hraðar. Einnig er það von sjóðsins að nýju reglurnar hvetji félagsmenn til frekari símenntunar.

Í núverandi kerfi safna félagsmenn stigum eftir því hvað þeir eru með í laun. Samkvæmt nýju reglum fellur þetta stigakerfi úr gildi. Með nýju reglum myndast réttindi í krónum eftir félagsgjaldi síðastliðna 12 mánuði og eru réttindi hlutfallsleg ef launahlutfall er lægra en 100%. Réttur til að sækja um styrk stofnast eftir að þriggja mánaða greiðslur hafa borist en fyrmist að 6 mánuðum liðnum frá

síðustu félagsgjaldgreiðslu. Fullgildur félagsmaður getur fengið greiddan styrk að upphæð 90.000 kr. á ári. Hægt er að safna styrkunum í 3 ár og nýta þá 270.000 kr. Fyrir eitt samfellt nám. Ekki er hægt að safna upp umfram þá upphæð. Nýju reglurnar kveða á um að hægt sé að sækja um 75% af kostnaði við starfsnám, en 50% af kostnaði við tómsundanám.

Um áramótin 2013-2014 mun tveggja ára aðlögunartímabil hefjast þar sem stefnt er að því að félagsmenn geti sótt um í Starfsmenntasjóðinn samkvæmt því kerfi sem nýtist þeim best. Þannig eiga þeir sem hafa áunnið sér mörg stig í sjóðnum að fá tækifæri til þess að nýta þau til ársins 2016, en á sama tíma eiga þeir félagsmenn sem fá meira út úr nýju reglunum tækifæri til þess að sækja um samkvæmt þeim.

Afgreiðslutími um jólin og áramótin

Skrifstofa Stéttarfélags Vesturlands að Sæunnargötu 2a verður lokuð á aðfangadag og gamlársdag, en opið verður á hefðbundnum tíma föstudaginn 27. desember og mánudaginn 30. desember frá kl. 08:00 – 16:00.

Stéttarfélag Vesturlands

Starfssvæði: Hvalfjarðarsveit - Borgarbyggð - Skorradalur - Eyja- og Miklaholtshreppur - Dalabyggð

Félagsfréttir

15. tölublað - Desember 2013

Ábyrgðarmaður: Signý Jóhannesdóttir.

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður, Sigurþór Óskar Ágústsson, varaformaður, Baldur Jónsson, ritari, Kristján Jóhannsson, vararitari, Áslaug Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, meðstjórnandi. Aðrir meðstjórnendur og formenn deilda: Ivar Örn Hauksson, form. IMS-deildar, María Erla Guðmundsdóttir, form. MFP-deildar, Elin Guðrún Tomasdóttir, form. DRS-deildar, Guðbrandur Magnússon, form. ISD-deildar, Einar O. Pálsson, form. DVS-deildar.

Hugvekja á aðventu



Anna Eiríksdóttir,
Sóknarprestur í Búðardal

Nú, þegar aðventan er að ganga í garð leitar hugur minn aftur til síðasta árs, þegar tendra átti fyrsta aðventukertið í kirkjunni í mínu nýja starfi sem sóknarprestur í Dölunum. Aðventan er sá tími sem undirbýr okkur undir komu Krists og ljósins á aðventukransinum sem tendruð eru lýsa ekki aðeins upp skugga skammdegisins, heldur eiga þau að minna okkur á Jesú sem er ljós heimsins. Þannig er hvert kert sem tendrað er fram að komu jólanna í raun bæn, tákn vonar, kærleika, gleði og friðar. Jólin eru sá tími þegar við mannfólkið förum ekki aðeins í okkar fínasta þúss, heldur íklæðumst við öllu því góða hið innra þar sem náungakærleikurinn er allsráðandi.

Náungakærleikur er eitt af því sem ég upplifði sterkt þegar ég flutti í Dalina í september á síðasta ári, þegar ég vígðist þangað sem sóknarprestur. Sem borin og barnfæddur Reykvíkingur, alin upp á malbikinu, gerði ég mér enga grein fyrir því hvað tæki á móti mér í litlu samfélagi úti á landsbyggðinni. Þau eru svo oft í umræðunni, þessi litlu samfélög úti á landsbyggðinni, eins og þau séu öll eins að gerð. Ég gerði mér hins vegar fljótlega grein fyrir því að svo er ekki. Hvað Búðardal snertir, hafði ég fengið greinagóðar lýsingar á samfélaginu þar, sem var ein bensíndæla og búið! Það lét ekki vel í eyrum þess sem alla tíð hafði lifað og hræst í menningarsamfélagi stórborgarinnar, þar sem stutt er í kaffihús, bíó- og tónleikasali eða leikhús. Ég hugsa oft til atviks sem átti sér stað fljótlega eftir að ég kom til starfa. Kvöld eitt var bankað létt á dyr og úti fyrir stóð krakkaskari sem var kominn til að bjóða nýja prestinn sinn velkominn. Þau sögðu mér að það hefði staðið til að ganga í hús og gera hrekk en þegar þau áttuðu sig á því að hér byggji nýi presturinn, fannst þeim það ekki við hæfi. Þess í stað ákváðu þau að bjóða mig velkomna á svæðið og vonuðu svo innilega að mér leiddist ekki í Búðardal. Hér væri hellingur um að vera þó

það sæist ekki alltaf. Ég fór sæl og glöð að sofa eftir þessa yndislegu heimsókn og hugsaði með mér að engu væri að kvíða ef framhaldið yrði á þessum nótum.

Á þessu eina ári sem ég hef búið í Búðardal hefur það orðið mér æ ljósara að bensíndælan umrædda er í raun táknmynd alls þess sem kveikir það góða innra með okkur og heldur því gangandi sem elur og nærir, kærleika, gleði og frið. Og nú þegar hátíð jólanna gengur senn í garð er ekki úr vegi að minnst orða frelsarans sem sagði: Nema þér snúid við og verðið eins og börn, komist þér aldrei í himnaríki. Hver sem tekur við einu slíku barni í mínu nafni, tekur við mér. (Matt 18.1-5)- Já, gerum börnin að okkar fyrirmynd.

Nú er tími aðventunnar runninn upp, enn á ný, í mínu lífi og þínu og ljósinn sem nú verða tendruð eiga ekki aðeins að lýsa upp okkar eigin tilveru, heldur er okkur ætlað að beina því ljósi til annarra líka. Það ber með sér það allt sem jólin standa fyrir, að elska, umbera og aðstoða. Ég lít með gleði fram á veginn og þakka Guði á hverjum degi fyrir að hafa leitt mig út á landsbyggðina, í Dalina. Ég er umvafin góðu fólki. Megi gleði og friður fylla hjörtu ykkar. - Guð gefi ykkur gleðileg jól.

*Í myrkrinu aðventuljósinn loga
sem lýsandi bæn um grið.*

*Þessi veröld er full af skammdegisskuggum
það skortir á gleði og frið.*

*Það er margt sem vakir í vitund okkar
sem við höfum þráð og misst.*

*Þá er sálinni styrkur og hjartanu huggun
að hugsa um Jesú Krist.*

*Í myrkrinu aðventuljósinn loga
sem lýsandi himnesk rós*

*ógnþrungnir skammdegisskuggar víkja
við skínandi kertaljós.*

*Á jörðinni fölskvast hin andlegu efni
og oft er hér þungbær vist.*

*Þá er sálinni styrkur og hjartanu huggun
að hugsa um Jesú Krist.*

(Ragnar Ingi Aðalsteinsson)

Anna Eiríksdóttir
Sóknarprestur

Desember- uppbótin 2013

Samkvæmt þeim kjarasamningum, sem Stéttarfélag Vesturlands er aðili að, ber að greiða launafólki desemberuppbót fyrir árið 2013, sem hér segir:

Starfsfólk sveitarfélaga, samningur SGS og SNS, kr. 80.700

Verslunar- og skrifstofufólk, samningur LÍV og SA, 59.200

Verkaforlk, samningur SGS og SA, 52.100

Iðnaðarmenn, samningar Samiðnar og SA, 52.100

Samningar SGS við ríkið 52.100

Norðurál ehf., Hvalfjarðarsveit 151.284

Elkem hf., Hvalfjarðarsveit 146.230

Klafi ehf., Hvalfjarðarsveit 146.230

Til að eiga rétt á fullri desemberuppbót þarf að skila 45 vikum í dagvinnu á árinu (1800 klst). Þeir sem hafa unnið skemmri tíma eða eru í hlutastarfi fá greitt í hlutfalli. Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en hægt er að semja um að það sé frá 1. des. til 30. nóv. ár hvert.

Lágmarksréttur til desemberuppbótar er misjafn eftir kjarasamningum. Stéttarfélag Vesturlands hvetur launafólk til að fylgjast vel með því að rétt desemberuppbót sé greidd og að gera athugasemdir strax sé ekki svo.

Afgreiðslutími

á skrifstofum Stéttarfélags Vesturlands frá og með 1. jan. 2014

Innrimelur 3, Hvalfjarðarsveit

Alla föstudaga frá kl. 08:30 til 16:00

Sími á Innrimel er 430 0436

Miðbraut 11, Búðardal

Annan hvern fimmtudag frá kl. 9:30 til 12:30
16. jan., 30. jan., 13. feb., 27. feb., 13. mars, 27.
mars, 10. apríl o.s. frv. (lokað 24. apríl)

Sími í Búðardal er 430 0435

Sæunnargata 2 a, Borgarnesi

Opið alla virka daga frá kl. 8:00 til 16:00,
opið í hádeginu

Sími í Borgarnesi er 430 0430



Stéttarfélag Vesturlands

Fax: 430 0431 - Sími form. 894-9804

Heimili: Sæunnargata 2 a, 310 Borgarnes

Netfang: stettvest@stettvest.is - Veffang: www.stettvest.is

Sjúkrasjóður - fyrir hverja

Sjúkrasjóður Stéttarfélags Vesturlands hefur látið gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins og sent Alþýðusambandi Íslands niðurstöður úttektarinnar eins og lög sambandsins gera ráð fyrir. Félaginu hefur borist tilkynning frá Skipulags- og starfsháttanefnd sambandsins um að hún telji að samkvæmt úttektinni uppfylli sjóðurinn þau skilyrði sem fyrirmyndarreglugerð ASÍ setur sjóðum sambandsfélaganna.

Þetta eru í sjálfu sér ágæt tíðindi fyrir félagmenn, enu að síður hafa tekjur sjóðsins verið að minnka og útgjöld að aukast. Sjóðurinn býr hinsvegar að sterkri eignastöðu og því er hægt að reka hann undir núllinu um einhvern tíma, án þess að það ógni öryggi hans.

Undirrituð formaður félagsins er einnig formaður stjórnar Sjúkrasjóðsins hefur nokkuð langa reynslu af því að starfa fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaga. Á þessum langa starfsferli hefur mér lærst að nær ómögulegt er að sjá fyrir þær sveiflur sem verða á útgjöldum sjúkrasjóða og skuldbindingar þeirra eru um margt mjög ólíkar skuldbindingum lífeyrissjóðanna. Tryggingafræðingarnir sem taka út rekstur sjúkrasjóðanna eru þó að nota að miklu leiti sömu eða svipaðar forsendur þegar þeir taka sjóðina út.

Reglugerð Sjúkrasjóðs Stétt Vest

er um margt nokkuð ríkuleg og félagið veitir betri réttindi en mörg stærri félög gera. Að einhverju leiti stafar þetta af því að margt ungt fólk greiðir til félagsins án þess að nýta sér alla kosti sem það hefur í boði, þessir einstaklingar hætta síðan að greiða til félagsins, fara í nám sem leiðir þá á aðrar brautir eða þeir flytja af svæðinu og skilja réttindin eftir. Nú og svo virðast Vestlendingar bara vera nokkuð hraustir. Stjórnarmenn þurfa samt að vera mjög vel vakandi yfir því að ekki sé of langt gengið í styrkgreiðslum og geta sjóðsins til að greiða dagpeninga og dánarbætur, sem er meginhlutverk sjóðsins, verði ekki skert.

Viðhorf hins almenna borgara til sjúkrasjóða stéttarfélaga er oft mjög undarlegt og þrátt fyrir að hafa starfað á þessu sviði lengi, þá virðist alltaf vera möguleiki á því að koma manni á óvart. Sem betur fer eru flestir félagsmenn nokkuð meðvitaðir um réttindi sín og skyldur sjóðsins við þá. Við fáum þó oft hinar furðulegustu fyrirspurnir, s.s. umsóknir um dánarbætur vegna fólks sem aldrei hefur til félagsins greitt, eða hefur flutt af félagssvæðinu í blóma lífsins og greitt í önnur félög, nú eða ekki greitt og svo hyggjast menn sækja „rétt“ sinn, sem er löngu fyrndur. Eina hringingu fékk ég sl. sumar frá manni sem hafði starfað sjálfstætt lengi, en var að

spyrja um greiðslurétt sjálfstætt starfandi til félagsins. Hann fékk þær útskýringar og í framhaldinu sagði hann „ja, ég hef nú ekkert verið að greiða í verkalýðsfélag lengi, en ég er að verða svo gamall að ég gæti nú þurft að fara að sækja þjónustu til ykkar, heilsan er farin að bila“ Þessi maður var sem sagt að velta því fyrir sér að tryggja eftir á eins og stundum er sagt. Vissulega er Sjúkrasjóðurinn samtryggingarsjóður og/ eða veltusjóður (gegnum- streymissjóður) og þetta er hægt, en illa gengi okkur að láta enda ná saman ef þetta viðhorf væri almennt.

Stjórn Sjúkrasjóðs Stéttarfélags Vesturlands fundar í lok hvers mánaðar, þar eru þær umsóknir sem borist hafa teknar til afgreiðslu í samræmi við reglugerð sjóðsins. Oftast renna þær smurt í gegn, en stundum getur maður þó ekki annað en staldrað við. Okkar sjóður hefur endurgreitt fólki vegna gleraugnakaupa og þá hefur það verið regla að gera ekki greinarmun á glerjum eða umgjörðum, því engin notar glerin án umgjarda. Mörg stéttarfélög hafa samt þann hátt á að greiða einungis vegna glerjanna, en láta félagsmanninn sjálfan um að borga umgjardirnar, enda er það jú oft smekkur og val hans sem ræður þeim kostnaði. Þessu sjónarmiði óx fiskur um hrygg nýlega, þegar inn á borð okkar barst umsókn þar

sem sjónglerin voru einungis rétt rúm 19% af heildarupphæðinni sem gleraugun kostuðu. Er nema von að stundum vakni spurningar um hvort í svona tilfelli geti verið um misnotkun að ræða, verið sé að láta sjúkrasjóðinn taka þátt í að kosta rándýran fylgihlut eða skrautmun fyrir þjattröfu. Stjórn sjóðsins vinnur eftir reglugerðinni og gat því ekki afgreitt þessa umsókn á annan hátt en aðrar, en hvort þetta verður til þess að reglugerðinni verður breytt á eftir að koma í ljós.

*Signý Jóhannesdóttir
Formaður stjórnar Sjúkrasjóðs
Stéttarfélags Vesturlands*



Saga ASÍ

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands bauð til sín fulltrúum háskóla, grunnskóla, bókasafna, framhaldsskóla og dvalarheimila á félagssvæðinu til kaffisamsætis þann 12 september sl..

Tílefnið var að félagið vildi afhenda þessum aðilum eintök af sögu ASÍ, sem kom út sl. vor, eða þann 12 mars, á 97 ára afmæli sambandsins.

Það er mat stjórnar Stéttarfélags Vesturlands að með því að gefa eintök af bókunum til þessara aðila, þá sé verið að vekja athygli unga fólksins á starfi Alþýðusambandsins á liðinni öld og eins gætu íbúar dvalarheimilanna haft ánægju af því að minnast, ýmissa áfanga sem þeir e.t.v. tóku þátt í að ná. Auk þess sem íbúar á félagssvæðinu geta notið þessara fróðlegra bóka í gegnum bóka-

söfnin.

Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur, sem hafði veg og vanda af því að skrásetja þessa sögu, var mættur á staðinn og gaf viðstöddum svolitla innsýn í baráttu genginna kynslóða. Sagan er í tveimur bindum, í nokkuð stóru broti og ríkulega myndskreytt. Fyrri bindið ber nafnið : Í samtök, það síðara heitir Til velferðar. Hægt er að fá bækurnar í hlustri til hlífðar.

Flest stéttarfélög innan sambandsins hafa keypt allmörg eintök af bókunum í svipuðum tilgangi



Frá vinstri: Baldur Jónsson, Sumarliði Ísleifsson, Stefán Sveinbjörnsson, Kristín Björk Guðmundsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Lilja Ólafsdóttir, Kristján Gíslason, Jóna Ester Kristjánsdóttir, Þórný Hlynisdóttir og Signý Jóhannesdóttir

og Stéttarfélag Vesturlands, það hefur því tekist að verðleggja bækurnar lægra en annars hefði orðið, þannig að gera má ráð fyrir að verkið verði meira keypt

af almenningi. Að þremur árum liðnum eða á 100 ára afmæli sambandsins, kemur verkið síðan út á rafrænu formi.

Menntun í Norðvesturkjördæmi

Tilraunaverkefni um menntun í Norðvesturkjördæmi er liður í átaki til þess að hækka menntunarstig í íslensku atvinnulífi og eitt af nokkrum verkefnum sem sett voru af stað í framhaldi af kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins í maí 2011. Í verkefnisstjórn sitja fulltrúar atvinnulífs, stéttarfélag, sveitarfélag, skóla- og fræðslustofnana í Norðvesturkjör-

annast jafnframt umsýslu um verkefnið.

Meginmarkmið tilraunaverkefnisins er að kanna þörf meðal einstaklinga á vinnumarkaði í Norðvesturkjördæmi fyrir menntun og gera tillögu að nýjum námsúrræðum ef þörf reynist. Styrkur þessa víðfeðma kjördæmis er einkum fólgin í öflugum fræðslustofnunum og fjölbreyttu atvinnulífi

auk háskóla- og rannsóknarsetra.


Ráðist var í umfangsmikla gagnaöflun síðastliðið sumar og haust til að leita svara við ýmsum spurningum tengdum námi og námsþörfum. Gagnaöflunin fól í sér rúmlega 800 viðtöl við stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja og stofnana í kjördæminu, þar af ríflega 100 viðtöl við starfsfólk af erlendum uppruna. Einnig var framkvæmd tölvupóstkönnun meðal fyrirtækja og stofnana og símakönnun sem byggði á þjóðskrárártaki. Niðurstöður ofangreindra rannsókna leiddu m.a. í ljós umtalsverða þörf fyrir iðn- og tæknimenntað starfsfólk, mikinn áhuga stjórnenda á sérhæfðum starfstengdum námskeiðum, viðskiptanámi, tölvunámi, námi tengdu sjávarútvegi, þjónustu, tungumálum og matvælum. Þegar starfsfólk var spurt hvað það langi til að læra þá var algengast að fólk nefndi iðn- og tækninám, tölvunám, viðskipti og stjórnun og nám tengt opinberri þjónustu, s.s. kennslu og heilbrigðisþjónustu. Mikill vilji kom fram hjá vinnuveitendum til að koma til



Geirlaug Jóhannsdóttir.

móts við starfsfólk sem vill auka menntun sína.

Á grundvelli niðurstaðna þessara viðamiklu rannsókna voru unnar tillögur að aðgerðum sem verður hleypt af stokkunum á næsta ári í tilraunaskyni. Í stórum dráttum fela þær í sér átaksverkefni í raunfærnimati í iðngreinum og vinnustaðatengdu námi og nýja nálgun í íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Öflug samvinna skóla og atvinnulífs er lykilatriði svo vel megj takast til.



Átaksverkefni 2014

dæmi. Formaður verkefnisstjórnar er Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, en skólinn

er í kjördæminu eru m.a. þrjár símenntunarmiðstöðvar, fimm framhaldsskólar og þrjár háskólar

44% lítilla og meðalstórra fyrirtækja ekki með skattskil í lagi

Þann 16. apríl sl. var skrifað undir viðbótarsamkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini frá 2010. Helstu breytingar sem gerðar voru á samkomulaginu voru þær að inn komu nýjar atvinnugreinar s.s. ferðaþjónusta, grænmetis- og blómarækt, verksmiðjuframleiðsla matvæla (svín, kjúklingar og egg), hárgreiðslu-, snyrti- og sólbaðsstofur. Einnig var í samkomulaginu ákvæði um að starfsheiti skyldu tilgreind á vinnustaðaskírteinum. Samstarfsverkefni ASÍ, SA og RSK "Leggur þú þitt af mörku-um?" var hleypt af stokkunum þriðja sumarið í röð þann 4. júní sl. og stóð til 31. ágúst. Markmið verkefnisins var sem fyrr að hafa leiðbeinandi eftirlit með skilum á staðgreiðslu, tekjuskráningu, vinnustaðaskírteinum, virðisaukaskattskilum og að upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra rekstraraðila. Var lögð sérstök áhersla á ferðaþjónustuna, bygginga- og verktakastarfsemi sem

og starfsstöðvar sem valdar voru af handahófi. Einnig voru bifreiða- og dekkjaverkstæði skoðuð sérstaklega. Eftirlitsteymin, sem oftast voru tvö að störfum í einu, voru skipuð fjórum fulltrúum, tveimur frá RSK og sitthvorum fulltrúanum frá ASÍ og SA. Þá tók lögreglan einnig þátt í eftirlitinu þegar hópferðabifreiðar voru skoðaðar, vegna komu skemmtiferðaskipa, sem og á Leifsstöð, Bláa lóninu og við Geysi. Sérstakt áhlaup var gert á vegum eftirlitsfulltrúa ASÍ á bari og skemmtistaði tvö kvöld í júní, bæði í Reykjavík og á Akureyri og óskaði RSK eftir því að fá að taka þátt í því áhlaupi. Í þessum heimsóknum kom í ljós að talsvert var ábótavant varðandi staðgreiðslu skatta og að starfsfólk væri á launaskrá. Þá beittu fulltrúar RSK í fyrsta sinn heimildum til lokunar á fyrirtæki, þar sem hlutir voru ekki í lagi varðandi tekjuskráningu og skattskil. Í áttáttu voru heimsóttir 748

lögaðilar um land allt og 1896 kennitölur starfsmanna skráðar. Af þessum 748 fyrirtækjum voru 416 fyrirtæki eða 55,6% með stöðuna "Lokið án athugasemda" sem þýðir að fyrirtækið standi skil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti og tekjuskráningu sé formlega í lagi. Það þýðir að 44,4% fyrirtækjanna sem skoðuð voru eru með einhverjar athugasemdir eða frávik og sum fleiri en eina.

Vinnumálastofnun

Við samkeyrslu gagnagrunna

VMST við FINN vegna eftirlitsferða á tímabilinu 1. jan. til 30. sept. hefur eftirlitsdeild VMST hafið 61 mál í kjölfarið. Í 49 tilfellum af þessum 61 hafa mál endað með viðurlögum.

Vinnumálastofnun hafa borist 44 tilkynningar frá eftirlitsfulltrúum um ófullnægjandi aðgerðir atvinnurekanda á árinu 2013. Í flestum tilfellum hafa atvinnurekendur gripið til fullnægjandi aðgerða eftir tilmæli frá Vinnumálastofnun en aðeins 4 tilkynningar hafa endað í dagsektum það sem af er ári.

Greiðum út styrki og dagpeninga fyrir jóla!

Sjúkrazjóður Stéttarfélags Vesturlands hefur greitt út dagpeninga og styrki vegna desembermánaðar, fyrir jóla. Í ár er stefnt að því að greiða út fh. þann 23. desember. Umsóknir ásamt gögnum þurfa að skila sér fh. föstudaginn 20. desember. Umsóknir sem koma eftir það verða afgreiddar í lok janúar 2014.

Bótareglur frá og með 1. jan 2013

1. **Fæðingarstyrkur**kr. 70.000
Miðast við félag. Þannig að ef tveir fullgreiðandi félagar eignast saman barn eiga hvort um sig rétt á fæðingarstyrk.
2. **Styrkur v/glasa-, tæknifrjógungunar og ættleiðingar**kr. 100.000
Miðast við félag. Þannig að ef um er að ræða tvo fullgreiðandi félagar eiga þeir hvor sinn rétt. Aðeins veittur einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Leggja þarf fram staðfestingu á útlögðum kostnaði og aldrei greiða meira en 50% af kostnaði.
3. **Gleraugnastyrkur**pr. féлага á 24 mánaða tímabili kr. 40.000
En aldrei meira en 50% af reikningi. Tilvísun lækis þarf til.....pr. barn á 12 mánaða tímabili kr. 20.000
4. **Heyrnatækjastyrkur pr. féлага á 36 mánaða tímabili**kr. 40.000
Miðað við tæki í annað eyra. Upphæð tvöfaldast ef þörf er á tveimur tækjum. Þó aldrei meira en 50% af reikningi. Tilvísun lækis þarf til.
5. **Göngugreining greitt að fullu, eða allt að (Tilvísun lækis þarf til)**kr. 5.000
6. **Krabbameinsleit, 100% af grunnrannsókn, allt að**kr. 8.000
7. **Almenn rannsókn hjá Hjartavernd, 50% af kostnaði, allt að**kr. 10.000
8. **Sjúkranudd, sjúkráþjálfun og önnur endurhæfing.** Tilvísun lækis þarf til. kr. 50.000
Ekki greitt meira en 50% af hverjum reikningi. Hámarksgreiðsla á féлага á ári
9. **Heilsurækt, svo sem sund, líkamsræktarstöðvar o.fl., hámark**.....kr. 20.000
Umsækjendur þurfa að hafa verið greiðandi sjóðfélagar í a.m.k. 12 síðustu mánuði, miðað við reglur sjóðsins. Þó aldrei meira en 50% af kostnaði á hverju 12 mánaða tímabili. Reikningar skulu stílaðir á nafn viðkomandi og einungis gilda fyrir félagsmanninn.
10. **Augnaðgerðir,á öðru auga er hámark kr. 40.000, hámark fyrir bæði augu kr. 80.000**
Um er að ræða laser eða lasik aðgerðir. Einn fullur styrkur á 36 mánaða fresti. Umsækjandi þarf að hafa verið félagi í síðustu 12 mán.
11. **Viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum/fjölskylduráðgjöfum. - Hámark**kr. 45.000
Greitt 50% viðtalstíma að hámarki 5.000 fyrir tímunn. Tilvísun lækis þarf til.
Greining á ADHD skal styrkt samkv. þessari gr. og greiða skal 50% af reikningi að sama hámarki.
12. **Dánarbætur, skv. gr. 12.4.**kr. 270.000
13. **Dvöl félagsmanna sem fara í endurhæfingu eða meðferð samkvæmt tilvísun lækis á endurhæfingarsstofnunum verði niðurgreidd um kr. 3.000 á dag í allt að 42 almanaksdaga (6 vikur). Þó aldrei meira en 50% af kostnaði**
14. **Stjórn er heimilt að stýða féлага og börn þeirra til annarra stoðtækjakaupa** en að ofan greinir samkv. gr. 12.8. í reglugerð sjóðsins. Stjórnin setur sér þá vinnureglu að stoðtækjakaup séu ávallt að tilvísun lækis og styrkur v/barna 50%.
15. **Heimilt er í eitt skipti að veita styrk sem svarar dagpeningum í allt að 45 daga vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu vímuefna.** Tilvísun lækis þarf til.
16. **Dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum** í allt að 150 almanaksdaga samkv. grein 12.1 í reglugerð sjóðsins. Þó aldrei hærri en kr. 375.000 í hverjum mánuði.
17. **Dagpeninga vegna veikinda langveikra og alvarlegra fatlaðra barna** í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.2. Þó aldrei hærri en kr. 375.000 í hverjum mánuði.
18. **Dagpeningar vegna mjög alvarlegra veikinda maka** í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.3. Þó aldrei hærri en kr. 375.000 í hverjum mánuði.

Skilyrði fyrir fullum bótarétti, samkv. gr. 12.4 og 12.8 í reglugerð sjóðsins, er að skilað hafi verið iðgjaldi vegna viðkomandi bótabega sem svarar til a.m.k. 2.040 klst. vinnu á síðustu tólf mánuðum, þegar réttur til aðstoðar myndast. Reiknað út frá taxa afgreiðslufólks eftir eins árs starf. Bætur fara stíglækkandi sé um lægri greiðslur til sjóðsins að ræða. **Bráðabyrgðaákvæði: Vegna alvarlegrar stöðu á vinnumarkaði skal viðmiðunartalan vera lægri eða kr. 21.800.**

Samkv. grein 11.1 í reglugerð sjóðsins geymast réttindi sjóðfélaga sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku óskert í 12 mánuði frá starfslokum, hafi þeir greitt til sjóðsins síðustu 5 árin fyrir starfslok. Eftir það skulu þeir eiga rétt til 60% af þeim styrkjum sem greiðandi félagar njóta. Einnig eiga aðstandendur þeirra rétt til dánarbóta samkv. þessari grein, nú kr. 165.000.

Nýtt upphaf á grein 12.8 er hún nú svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins getur við sérstakar aðstæður metið hvort dagpeningar skuli greiddir lengur en eitt bótatímabil og hver upphæð dagpeninga skuli þá vera.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrk til sjóðfélaga í formi forvarnar og endurhæfingastyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar, fæðingarstyrkja, vegna krabbameinsrannsókna, stoðtækjastyrkja o.þ.h. sem stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma og geta sjóðsins leyfir.

Vakin er athygli á 15. grein reglugerðar sjóðsins um fyrningu bótaréttar:

15. grein - Fyrning bótaréttar

- 15.1 Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaforföllum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
- 15.2 Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

Upphæðir hámarks dagpeninga og dánarbóta voru hækkaðar 1. jan. 2013 miðað við launavísitölu samkvæmt lögum ASÍ. Þær verða hækkaðar frá 1. jan 2014 miðað við breytingar á launavísitölu frá des. 2012 til des. 2013.

Í gildi er á sérstakt samkomulag við Borgarbyggð um að okkar félagsmenn sem eru atvinnulausir geti fengið aðgang að Íþróttamiðstöðinni og greitt fyrir það kr. 500 á mánuði. Þetta er til viðbótar því að allir atvinnulausir geta fengið frítt í sund samkvæmt samningi Vinnuálastofnunar og Borgarbyggðar.



Stéttarfélag Vesturlands

Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða 2013-2014

Veturinn 2013-2014 leigir Stéttarfélag Vesturlands út orlofshús í Húsafelli og Ölfusborgum ásamt orlofsíbúðum að Furulundi 8 á Akureyri og að Ásholti 2 í Reykjavík. Skrifstofa Stéttarfélagsins í Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2 a, Borgarnesi annast útleigu á orlofshúsum félagsins allan ársins hring.

Húsafell

Fyrir bústaðinn í Húsafelli þarf að greiða kr. 3.000 fyrir sólarhringinn í miðri viku en kr. 10.000 fyrir helgina, sem getur verið þrjár nætur. Vikan er leigð á kr. 15.000.-

Um er að ræða nýlegt 94 fermetra hús auk svefnlofts í Kiðárskógi 10. Ekki þarf að kynna Vestlendingum dásemdir Húsafells sem sumar-dvalarstaðar en vert er að minna á að veturinn hefur líka sína töfra.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi og stofa, svefnkrókur úr stofu, eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er á palli. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði fyrir 8 manns, svefnpláss er fyrir 8 á neðri hæð. Þvotta- og uppþvottavélar eru í húsinu.



Ölfusborgir

Fyrir húsið í Ölfusborgum þurfa félagsmenn einnig að greiða kr. 3.000 fyrir sólarhringinn, fyrir helgi kr. 10.000 (geta verið 3 nætur) en kr. 15.000 fyrir vikuna.

Húsið í Ölfusborgum er með heitum potti og sólstofu. Svefnaðstaða er fyrir 6-8 manns. Tæki og húsbúnaður er mjög góður.

Þeir félagsmenn sem dvalið hafa í Ölfusborgum að vetri til eru ekki síður hrifnir af dvölinni þar en þeir sem fara þangað að sumri til. Það er tilvalið að skreppa austur og eiga notalega helgi eða viku í Ölfusinu og brjóta þannig upp skammdegið. Margar skemmtilegar gönguleiðir er þar að finna.



Ásholt 2, Reykjavík

Orlofssjóður á 4ra herbergja íbúð í Ásholti 2. Íbúðin er í stóru fjölbýlishúsi þar sem á annan tug íbúða eru í eigu stéttarfélaga. Íbúðin er mjög rúmgóð. Henni fylgir staði í bílageymslu, þar sem mjög góð



þvottaaðstaða er fyrir bíla. Þvottahús með vönduðum tækjum er í sameign. Eigninni fylgir líka fallegur lokaður garður og er hægt að ganga beint úr íbúðinni út í garðinn. Húsfélagið hefur í sinni þjónustu mann sem sér um alla sameignina og er eignin annáluð fyrir snyrtimennsku á allan hátt. Inngangur í Ásholtið er frá Laugavegi og stendur húsið rétt austan við Hlemm, það er því á mjög góðum stað og miðborgin í þægilegu göngufæri. Hér gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær og verður vikunum ekki úthlutað, hvorki að sumri né vetri til. Hægt er að leigja íbúðina dag fyrir dag á virkum dögum en helgar verða eingöngu leigðar frá föstudegi til sunnudags. Leiguverðið er kr. 4.500 fyrir staka nótt á virkum degi. Fyrir virka viðbótarnótt kr. 3.500 og fyrir helgi er verðið kr. 10.000. Vikan leigist á kr. 21.000 til félagsmanna. Hægt er að leigja lín fyrir kr. 1.100 á mann, innifalið í því eru rúmföt og baðhandklæði, greiðist á sama tíma og leigan.

Furulundur 8, á Akureyri, íbúð 0

Leigan fyrir félagsmenn er kr. 3.000 pr. sólarhring, helgi kr. 10.000 (getur verið 3 nætur) og kr. 15.000 fyrir vikuna í vetrarleigu.

Svefnpláss er fyrir 6-8 manns. Þetta er þriggja herbergja íbúð á jarðhæð í 19 íbúða, 2ja hæða fjölbýlishúsi. Allar íbúðirnar eru orlofsíbúðir í eigu stéttarfélaga. Akureyri hefur lengi verið vinsæll sumarleyfisstaður en nú gefst okkar félagsmönnum tækifæri til að kynna bænum að vetrarlagi. Það er ekkert stórmál að skreppa í leikhúsfærð eða á skíði um helgi eða í miðri viku á Akureyri og dvelja í þessari ágætu íbúð Stéttarfélags Vesturlands.



Illugastaðir

Félagið hefur selt sumarhús sitt að Illugastöðum í Fnjóskadal, en þjónustumiðstöðin Illugastöðum annast útleigu yfir veturinn fyrir ýmis félög sem e.t.v. vilja leigja til annarra en félagsmanna, síminn þar er 462 6199.

Gisting innanlands að eigin vali!

Vinsældir íbúðarinnar í Ásholti 2 í Reykjavík eru gróðarlegar. Oft er þó eitthvað laust í miðri viku, þó helgar séu nær alltaf bókaðar u.þ.b. tvo mánuði fram í tímann. Stjórn orlofsjóðsins hefur verið að skoða möguleika til að bregðast við þessu og félaginu hefur boðist að leigja litla íbúð á sama stað. Eftir nokkrar vangaveltur er niðurstaðan sú að í stað þess að taka húsnæði á leigu eða kaupa gistimiða á einhver tiltekin hótél til að koma til móts við þarfir félagsmanna, þá ætla orlofsjóður að bjóða félagsmönnum sem þurfa að greiða fyrir gistingu á hóteli eða gistiheimili, að koma með reikn-

inginn á skrifstofu félagsins og sækja um niðurgreiðslu. Við munum þá greiða niður um kr. 3.000 hverja nótt, þó ekki meira en 50% af kostnaði og að hámarki 4 nætur á ári, hjá félagsmanni. Þetta mun gilda á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl, en frá 1. maí til 30. sept. yrði endurgreiðslan kr. 5.000 á nótt. Þá verður ekki boðið upp á Eddu-hótelamiða nk. sumar. Reikningar þurfa að vera löglegir og skráðir á nafn félagsmannsins. Rétt er að geta þess að þetta verður einungis vegna gistingar innanlands og gildir ekki vegna þeirra kosta sem félagið býður sjálf í íbúðum eða orlofshúsum.

Skorað á sveitarfélögin að hækka ekki gjaldskrár!

Stéttarfélag Vesturlands hefur sent sveitarstjórnunum á félagssvæði sínu eftirfarandi áskorun:

Efni: Stöndum saman gegn verðbólgu en með stöðugleika og auknum kaupmætti launafólks

Stéttarfélag Vesturlands skorar á sveitarstjórnir á félagssvæði sínu að fylgja fordæmi Reykjavíkurborgar, sem tók ákvörðun um að hækka ekki gjaldskrár borgarinnar um næstu áramót. Borgarstjórn hafði tekið ákvörðun um að hækka gjaldskrár vegna ýmissa þjónustuliða og uppskar háværa gagnrýni aðila vinnuamarkaðarins. Forystusveit verkafólks hefur margoft lýst því yfir að launafólk geti ekki eitt axlað ábyrgð á því að reyna að koma á stöðugu verðlagi, aðrir verða að koma þar að málum líka. Ríkið, sveitarfélög og fyrirtækin í landinu þurfa að halda aftur af verðhækkunum og mega ekki velta öllum kostnaði beint út í verðlagið.

Stöndum saman um aukna hagsæld íbúanna.

Menntun skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni

Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins

Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

Þín leið til fræðslu

Ríkismennt styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Styrkur þinn til náms

Sveitamennt styrkir starfsmenntun innan sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is